

Fasteignafélagið Hvammur ehf. Stjórnarfundur

Þriðjudaginn 13. apríl 2021 var haldinn stjórnarfundur. Fundurinn var haldinn í stjórnarsýsluhúsinu í Búðardal og hófst hann kl. 15:05.

Mættir voru: Einar Jón Geirsson, Pétur Friðjónsson og Kristján Sturluson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2020

Ársreikningur lagður fram. Rekstrartekjur félagsins námu 7,4 millj. kr. á árinu 2020 og hækkuðu um 0,2 millj. kr. milli ára eða um 3%. Tap félagsins á árinu 2020 nam 2,8 millj. kr. Eigið fé félagsins í árslok nam 66,6 millj. kr. (2019: 69,3 millj. kr.) að meðtöldu hlutafé félagsins að fjárhæð 68,1 millj.kr.

Stjórn samþykkir ársreikninginn og vísar honum til aðalfundar. Reikningurinn undirritaður rafrænt.

2. Stjórnarlaun

Stjórn leggur til við aðalfund að stjórnarlaun verði óbreytt. Kr. 17.000 fyrir hvern fund fyrir stjórnarmenn og kr. 28.000 fyrir formann.

Samþykkt samhljóða.

3. Uppsögn leigusamnings

Sæfrost ehf. hefur sagt upp leigusamningi með sex mánaða fyrirvara.


4. Tilboð í eignir félagsins

Lagt hefur verið fram tilboð í eignir félagsins. Það felst í að íbúð í Reykjavík að verðmæti [REDACTED] verði sett upp í og að auki greiddar [REDACTED].
Samþykkt að gera gagntilboð kr. [REDACTED].


5. Önnur mál

Engin önnur mál.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:20.



Pétur Friðjónsson



Einar Jón Geirsson



Kristján Sturluson